



– fyrir íslenska verslun

Nefndasvið Alþingis
B.t. félags- og tryggingamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2009

Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, 37. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.)

I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtrar félags- og tryggingamálanefndar Alþingis dags. 11. júní 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri, 37. mál, EES-reglur, aðild starfsmanna að ákvörðunum.

FÍS telur að umrætt frumvarp sé að mörgu leyti frekar óskýrt og hugtök ekki skilgreind með fullnægjandi hætti. Fyrirmynd þess eru m.a. lög nr. 27/2004 um aðild starfsmanna að Evrópufélögum og ljóst að ekki hefur verið vikið frá þeirri fyrirmynd nema að litlu leyti. Frumvarpið gefur tilefni til þeirrar spurningar hvort nauðsynlegt sé að setja sérstök lög hvað varðar aðild starfsmanna við samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri. Einfaldara hefði verið að gera breytingar á öðrum lögum þannig að viðkomandi lög giltu einnig um aðild starfsmanna við millilandasamruna. Fyrirnefnd lög um aðild starfsmanna að Evrópufélögum sem og lög nr. 44/2007 um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum hefðu betur verið sett sem einn lagabálkur og hefði þá verið hægt að gera breytingar á honum nú í takt við efni þessa frumvarps.

II. Ábendingar

Ef frumvarp þetta verður lagt fram í núverandi horfi þá vill FÍS koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Hugtakið stjórnarstofnun

Ofangreint hugtak er að finna á mörgum stöðum í frumvarpinu en það er ekki skilgreint sérstaklega í orðskýringum. Hugtakið er t.d. að finna í lögum um Evrópufélög nr. 26/2004 og má lesa af lögnum að það sé yfirhugtak yfir þær stjórnir sem í félaginu eru en í Evrópufélögum er stjórnkerfið annað hvort einþætt eða tvíþætt. FÍS leggur til að kveðið verði á um merkingu þessa hugtaks í orðskýringum.



– fyrir íslenska verslun

3. mgr. 19. gr. – Viðurlög

Málgreinin er svohljóðandi: „Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.“ Ljóst er að þessi grein hefur verið tekin upp úr frumvörpum þeim sem urðu að lögum nr. 27/2004 og nr. 44/2007 en málgreinin hefur verið fjarlægð úr þeim lögum með tilkomu laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. FÍS leggur til að greininni verði breytt með eftirfarandi hætti:

- *Mál vegna brota á lögum þessum skulu sæta meðferð eftir lögum um meðferð sakamála.*

FÍS hefur ekki fleiri ábendingar og gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið. Félagið þakkar fyrir að til þess hafi verið leitað.

III. Annað

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Harpa Samúelsdóttir lögfræðingur
f.h. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl.



– fyrir íslenska verslun